

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

LANDSSAMBANDS SLÖKKVILÐS- OG
SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
VEGNA STJÓRNENDA SLÖKKVILÐA

GILDISTÍMI:

1. OKTÓBER 2023 TIL 31. MARS 2024

EFNISYFIRLIT

1 KAFLI: UM KAUP	3
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN	3
1.2 EINGREIÐSLA Á SAMNINGSTÍMANUM	3
1.7 PERSÓNUUPPBÓT.....	4
1.8 ÞREKÁLAG.....	4
1.9 LAUNAHUGTÖK	4
4. KAFLI: ORLOF	5
4.3 ORLOFSÁRIÐ	5
13 LAUNASEÐILL, FÉAGSGJÖLD OG IÐGJALDGREIÐSLUR	5
13.8 NÁMSSTEFNUSJÓÐUR LSS.....	5
14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	6
14.1 GILDISTÍMI.....	6
14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA	6
BÓKANIR	7
FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR	8
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT	8
FYLGISKJAL 6: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3.....	11
FYLGISKJAL 7: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN	13

INNGANGUR

Kjarasamningur þessi gildir fyrir slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Einnig gildir kjarasamningur þessi fyrir staðgengla slökkviliðsstjóra samkvæmt 7.gr. reglugerðar nr. 747/2018 með starfssvæði yfir 100.000 íbúa. Þeir starfsmenn sem heyra undir kjarasamning þennan hafa réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er m.a. fjallað um sérstöðu opinberra starfsmanna, samningsrétt stéttarfélagsins og verkfallsrétt.

Kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. október 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Niðurstaða samningsaðila um að gera samning til 6 mánaða felur í sér að viðræðum um önnur atriði en launalið, breytingu á fylgiskjali 3 og skýringarákvæði við grein nr. 4.3.1 um fyrningu orlofs er frestað.

Aðilar eru sammála um að taka upp viðræður um önnur atriði samkvæmt verkáætlun í fylgiskjali 4. Sem hluta af verkáætlun þessari eru aðilar sammála um að framlengja fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í dagvinnu og breyttu fylgiskjali 3 um betri vinnutíma í vaktavinnu út gildistíma kjarasamninga aðila þ.e. til 31. mars 2024.

1 KAFLI: UM KAUP

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

1.1.1 Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla 1: Gildir frá 1. október 2023 til 31. mars 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Við launaflokk leggst einstaklingsbundið persónuálag í samræmi við viðeigandi ákvæði í 10. kafla samnings þessa og myndar þannig dagvinnulaun viðkomandi starfsmanns. Laun þessi eru viðmiðun vegna afleiddra launategunda, s.s. tímakaups í yfir- og dagvinnu og lífeyrisgreiðslna B-deilda opinberra lífeyrissjóða eða sambærilegra deilda slíkra sjóða.

Undir almenn ákvæði þessa kjarasamnings heyra allir þeir starfsmenn sem verða 16 ára á almanaksárinu og eldri, sem sinna skilgreindum störfum skv. starfsmati sveitarfélaga og fá laun sem starfinu fylgja. Sjá þó gr. 1.4.3 og 1.4.4.

Með launatöflu 1 hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. gr. 14.2.1 og viðauka 3 með áðurgildandi kjarasamningi aðila, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu 1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 til 2023.

1.2 EINGREIÐSLA Á SAMNINGSTÍMANUM

1.2.1 Eingreiðsla fyrir tímabilið 1. október 2023 til 31. desember 2023, kr. 15.000, sem greiðist þann 1. desember 2023 hverjum starfsmanni sem greitt er iðgjald fyrir samkvæmt grein 13.8. Greiðslan miðast við fullt starf á tímabilinu en ella hlutfallslega.

Upphæðir persónuuppbotar breytast. Grein 1.7 hljóði svo:**1.7 PERSÓNUUPPBÓT**

- 1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbot 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Það sama gildir um tímavinnufólk og miðast óskert fjárhæð við 1.504 unnar vinnuskyldustundir. Tímavinnumaður fær fulla persónuuppbot ef hann vinnur 1504 vinnuskyldustundir á ofangreindu tímabili en ella hlutfallslega.

Með vinnuskyldustundum er átt við fasta reglubundna vakt en ekki tilfallandi yfirvinnu eða útköll.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbot hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 144/2020. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbot er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbot reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbot skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbot miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. desember 2023 kr. 131.000.

1.8 ÞREKÁLAG**Grein 1.8. breytist og hljóði svo:**

- 1.8.1 Sérstakt þrekálag/reykköfunarálag skal greitt þeim starfsmönnum sem standast þrekpróf 2 samkvæmt heilsufarsstefnu aðila, sem viðurkennt er af Brunamálastofnun, sjá gr. 6.8.1. Þrekpróf 2 er fyrir starfsmenn sem stunda reykköfun.

Þrekálagið er föst krónutala sem greiðist í tólf mánuði. Að þeim tíma liðnum er prófið þreytt að nýju. Þrekálag tekur almennum hækkunum skv. grein 1.1.1., en á fjárhæðina reiknast ekki orlof. Þrekálag verður sem hér segir:

Frá 1. október 2023 kr. 31.653

Ný grein 1.9 um launahugtök hljóði svo:**1.9 LAUNAHUGTÖK**

- 1.9.1 Reglubundin laun. Með reglubundnum launum er átt við greidd mánaðarlaun fyrir umsamin vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Meðtaldir í þessum launum eru hvers konar launaaucar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili.

4. KAFLI: ORLOF

Skýringarkassi við grein 4.3.1 breytist og hljóði svo:

4.3 ORLOFSÁRIÐ

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.

Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.

Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 1. maí 2024.

Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 15. maí 2024 hvernig orlofstöku skuli háttáð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

13 LAUNASEÐILL, FÉAGSGJÖLD OG IÐGJALDGREIÐSLUR

Grein 13.8 breytist og hljóði svo:

13.8 NÁMSSTEFNUSJÓÐUR LSS

13.8.1 Námsstefnusjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í námsstefnusjóð sem nemur 1,65% af heildarlaunum starfsmanna.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins.

Frá 1. janúar 2024 munu greiðslur sem áður runnu í sameiginlegan Félagsmannasjóð BSRB (Kötlusjóð) renna til Námsstefnusjóðs LSS. Mun nýr sjóður hafa það að markmiði að auka möguleika félagsmanna að sækja sér menntun og fræðslu í samræmi við reglur LSS um sjóðinn.

14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

14.1 GILDISTÍMI

- 14.1.1 Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum, fylgiskjölum og sérákvæðum framlengist frá 1. október 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 14.2.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 29. 09. 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 29. 09. 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 21. september 2023.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Landsambands slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna með fyrirvara um
samþykki félagsmanna.

BÓKANIR

BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2023

BÓKUN 1 [2023] **Endurskoðun á talningu bakvaktatíma**

Samningsaðilar eru sammála um að greina sameiginlega fyrirkomulag talningar bakvaktatíma frá því að stytting vinnuvikunnar tók gildi skv. kjarasamningi aðila 1. apríl 2022.

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla 1: Gildir frá 1. október 2023 til 31. mars 2024.

Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna									
LAUNATAFLA 1									
Gildir frá 1. október 2023 til 31. mars 2024									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
117	432.545	441.196	449.847	458.498	467.149	475.800	484.450	493.101	501.752
118	436.101	444.823	453.545	462.267	470.989	479.711	488.433	497.155	505.877
119	439.695	448.488	457.282	466.076	474.870	483.664	492.458	501.252	510.046
120	443.329	452.195	461.062	469.928	478.795	487.661	496.528	505.395	514.261
121	447.002	455.942	464.882	473.822	482.762	491.702	500.642	509.582	518.522
122	450.716	459.731	468.745	477.759	486.774	495.788	504.802	513.817	522.831
123	454.471	463.561	472.650	481.739	490.829	499.918	509.008	518.097	527.187
124	458.270	467.435	476.600	485.766	494.931	504.096	513.262	522.427	531.593
125	462.107	471.349	480.591	489.833	499.076	508.318	517.560	526.802	536.044
126	465.987	475.307	484.626	493.946	503.266	512.586	521.905	531.225	540.545
127	469.909	479.308	488.706	498.104	507.502	516.900	526.299	535.697	545.095
128	473.875	483.353	492.830	502.308	511.785	521.263	530.740	540.218	549.695
129	477.886	487.444	497.001	506.559	516.117	525.674	535.232	544.790	554.348
130	481.940	491.579	501.217	510.856	520.495	530.134	539.773	549.411	559.050
131	486.037	495.758	505.479	515.200	524.920	534.641	544.362	554.083	563.803
132	490.182	499.985	509.789	519.593	529.396	539.200	549.004	558.807	568.611
133	494.371	504.258	514.146	524.033	533.920	543.808	553.695	563.583	573.470
134	498.605	508.577	518.550	528.522	538.494	548.466	558.438	568.410	578.382
135	502.888	512.946	523.003	533.061	543.119	553.177	563.234	573.292	583.350
136	507.217	517.362	527.506	537.650	547.795	557.939	568.083	578.228	588.372
137	511.593	521.825	532.057	542.289	552.521	562.753	572.985	583.216	593.448
138	516.018	526.339	536.659	546.979	557.300	567.620	577.941	588.261	598.581
139	520.492	530.902	541.312	551.722	562.132	572.542	582.951	593.361	603.771
140	525.013	535.513	546.014	556.514	567.014	577.515	588.015	598.515	609.015
141	529.585	540.177	550.769	561.360	571.952	582.544	593.135	603.727	614.319
142	534.208	544.892	555.577	566.261	576.945	587.629	598.313	608.997	619.682
143	538.882	549.660	560.438	571.215	581.993	592.771	603.548	614.326	625.104
144	543.608	554.480	565.352	576.224	587.096	597.969	608.841	619.713	630.585
145	548.384	559.352	570.320	581.287	592.255	603.223	614.190	625.158	636.126
146	553.213	564.277	575.342	586.406	597.470	608.534	619.599	630.663	641.727
147	558.096	569.258	580.420	591.582	602.744	613.906	625.068	636.230	647.392
148	563.033	574.293	585.554	596.815	608.075	619.336	630.597	641.857	653.118
149	568.023	579.384	590.744	602.105	613.465	624.826	636.186	647.547	658.907
150	573.068	584.529	595.990	607.452	618.913	630.374	641.836	653.297	664.758
151	578.170	589.734	601.297	612.861	624.424	635.988	647.551	659.114	670.678
152	583.327	594.993	606.660	618.326	629.993	641.659	653.326	664.992	676.659
153	588.540	600.310	612.081	623.852	635.623	647.393	659.164	670.935	682.706
154	593.811	605.687	617.564	629.440	641.316	653.192	665.068	676.945	688.821
155	599.140	611.123	623.106	635.089	647.072	659.054	671.037	683.020	695.003
156	604.529	616.620	628.711	640.801	652.892	664.982	677.073	689.163	701.254
157	609.975	622.175	634.374	646.574	658.773	670.973	683.172	695.372	707.571
158	615.482	627.791	640.101	652.410	664.720	677.030	689.339	701.649	713.959
159	621.049	633.470	645.891	658.312	670.733	683.154	695.575	707.996	720.417

Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna									
LAUNATAFLA 1									
Gildir frá 1. október 2023 til 31. mars 2024									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
160	626.679	639.212	651.746	664.279	676.813	689.346	701.880	714.414	726.947
161	632.368	645.015	657.663	670.310	682.957	695.605	708.252	720.899	733.547
162	638.123	650.885	663.648	676.410	689.172	701.935	714.697	727.460	740.222
163	643.833	656.710	669.586	682.463	695.340	708.216	721.093	733.970	746.846
164	649.608	662.600	675.592	688.584	701.577	714.569	727.561	740.553	753.545
165	655.442	668.551	681.660	694.769	707.877	720.986	734.095	747.204	760.313
166	661.336	674.563	687.789	701.016	714.243	727.470	740.696	753.923	767.150
167	669.068	682.449	695.831	709.212	722.593	735.975	749.356	762.738	776.119
168	676.907	690.445	703.983	717.521	731.060	744.598	758.136	771.674	785.212
169	684.855	698.552	712.249	725.946	739.643	753.341	767.038	780.735	794.432
170	692.911	706.769	720.627	734.486	748.344	762.202	776.060	789.919	803.777
171	701.079	715.101	729.122	743.144	757.165	771.187	785.208	799.230	813.252
172	709.362	723.549	737.736	751.924	766.111	780.298	794.485	808.673	822.860
173	717.758	732.113	746.468	760.823	775.179	789.534	803.889	818.244	832.599
174	726.270	740.795	755.321	769.846	784.372	798.897	813.422	827.948	842.473
175	734.900	749.598	764.296	778.994	793.692	808.390	823.088	837.786	852.484
176	743.651	758.524	773.397	788.270	803.143	818.016	832.889	847.762	862.635
177	752.523	767.573	782.624	797.674	812.725	827.775	842.826	857.876	872.927
178	761.518	776.748	791.979	807.209	822.439	837.670	852.900	868.131	883.361
179	770.638	786.051	801.464	816.876	832.289	847.702	863.115	878.527	893.940
180	779.885	795.483	811.080	826.678	842.276	857.874	873.471	889.069	904.667
181	789.261	805.046	820.831	836.617	852.402	868.187	883.972	899.758	915.543
182	798.767	814.742	830.718	846.693	862.668	878.644	894.619	910.594	926.570
183	808.406	824.574	840.742	856.910	873.078	889.247	905.415	921.583	937.751
184	818.180	834.544	850.907	867.271	883.634	899.998	916.362	932.725	949.089
185	828.089	844.651	861.213	877.774	894.336	910.898	927.460	944.021	960.583
186	838.138	854.901	871.664	888.426	905.189	921.952	938.715	955.477	972.240
187	848.326	865.293	882.259	899.226	916.192	933.159	950.125	967.092	984.058
188	858.656	875.829	893.002	910.175	927.348	944.522	961.695	978.868	996.041
189	869.131	886.514	903.896	921.279	938.661	956.044	973.427	990.809	1.008.192
190	879.754	897.349	914.944	932.539	950.134	967.729	985.324	1.002.920	1.020.515
191	890.524	908.334	926.145	943.955	961.766	979.576	997.387	1.015.197	1.033.008
192	901.445	919.474	937.503	955.532	973.561	991.590	1.009.618	1.027.647	1.045.676
193	912.519	930.769	949.020	967.270	985.521	1.003.771	1.022.021	1.040.272	1.058.522
194	923.748	942.223	960.698	979.173	997.648	1.016.123	1.034.598	1.053.073	1.071.548
195	935.134	953.837	972.539	991.242	1.009.945	1.028.647	1.047.350	1.066.053	1.084.755
196	946.681	965.615	984.548	1.003.482	1.022.415	1.041.349	1.060.283	1.079.216	1.098.150
197	958.390	977.558	996.726	1.015.893	1.035.061	1.054.229	1.073.397	1.092.565	1.111.732
198	970.263	989.668	1.009.074	1.028.479	1.047.884	1.067.289	1.086.695	1.106.100	1.125.505
199	982.303	1.001.949	1.021.595	1.041.241	1.060.887	1.080.533	1.100.179	1.119.825	1.139.471
200	994.511	1.014.401	1.034.291	1.054.182	1.074.072	1.093.962	1.113.852	1.133.743	1.153.633

TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT		
Gildir frá 1. október 2023		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
115	249	256
116	257	264
117	265	274
118	275	284
119	285	294
120	295	304
121	305	314
122	315	324
123	325	334
124	335	344
125	345	354
126	355	363
127	364	372
128	373	381
129	382	390
130	391	399
131	400	408
132	409	417
133	418	426
134	427	433
135	434	440
136	441	447
137	448	454
138	455	461
139	462	468
140	469	475
141	476	482
142	483	489
143	490	496
144	497	503
145	504	510
146	511	517
147	518	524
148	525	531
149	532	538
150	539	545
151	546	552
152	553	559
153	560	566
154	567	573
155	574	580
156	581	587
157	588	594

TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT		
Gildir frá 1. október 2023		
Launaflokkur	Neðri mörk	Efri mörk
158	595	601
159	602	608
160	609	615
161	616	622
162	623	629
163	630	636
164	637	643
165	644	650
166	651	657
167	658	664
168	665	671
169	672	678
170	679	685
171	686	692
172	693	699
173	700	706
174	707	713
175	714	720
176	721	727
177	728	734
178	735	741
179	742	748
180	749	755
181	756	762
182	763	769
183	770	776
184	777	783
185	784	790
186	791	797
187	798	804
188	805	811
189	812	818
190	819	825
191	826	832
192	833	839
193	840	846
194	847	853
195	854	860
196	861	867
197	868	874
198	875	881
199	882	888
200	889	895

FYLGISKJAL 6: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3**Samkomulag um breytingar á fylgiskjali 3 í kjarasamningum aðila 2019 til 2023**

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum).

VAKTAÁLAG

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

FYLGISKJAL 7: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN

Yfirlýsing og verkáætlun á gildistíma kjarasamninga 2023 til 2024.

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali 2 með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali 3 með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta.	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál er á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.

Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Útgáfa heildarkjarasamnings	2. maí 2023	30. september 2023
Endurskoðun 10. kafla, þ.m.t. mat á starfsreynslu og fræðslumál. Skoða sérstaklega endurmenntun og þjálfun stjórnenda.	1. september 2023	30. september 2023
Tengitafla starfsmats við launatöflu	1. október 2023	31. mars 2024
Betri vinnutími slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna þ.m.t. áhrif á vinnuskil	20. ágúst 2023	30. nóvember 2023
Eftirlaunaaldur slökkviliðsmanna	1. október	31. mars 2024
Kafla 9. Staðgenglar	1. janúar	1. febrúar 2024
Aðrir kaflar kjarasamningsins út frá sjónarhóli stjórnenda	1. janúar	31. mars 2024
Eldri bókanir	1. janúar	31. mars 2024
Þrekálag	1. september	31. mars 2024
Bakvaktir	1. september	30. nóvember 2023
Lífeyrisgreiðslur B. deildar LSR/ uppbygging kjarasamningsins með hliðsjón af hlutfalli grunnlauna af heildarlaunum.	1. september	31. mars 2024

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaganna liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.